


Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur/hópur: 5. bekkur

Kennari: Rakel Runólfsdóttir

Tímabil: Skólaárið 2024-2025

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda
- Geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum. Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Geti áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum. Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Helstu námsbækur og gögn:

- Stika 1A
- Stika 1B
- Verkefnablöð frá kennara

Leiðsagnarmat:

- Könnun í lok hvers lotu. Kennari gefur einkunn og skilar til nemenda og foreldra.
- Hópverkefni sem nemendur skila til kennara.

Viðfangsefni.

Lota 1. (September og október).

Heilar tölur

pósítífar og negatívar tölur
tugakerfið
samlagning og frádráttur
margföldun og deiling

Lota 2. (nóvember).

Tugabrot

tíundu hluta og hundraðshluta
námundun og slumpreikning
samlagning og frádráttur með tugabrotum

Lota 3. (desember og janúar).

Rúmfræði

eiginleika og einkenni mismunandi forma sérstaklega ferhyrninga og þríhyrninga
samhverfa, hliðrun og snúningar.
horn
mælingar á lengd, ummáli og flatarmáli
mælikvarðar

Lota 4. (febrúar og mars).

Almenn brot

almenn brot sem hluti af heild
teikna brot á ýmsa vegu
leggja saman og draga frá með almennum brotum
bera saman mismunandi brot.

Lota 5. (apríl).

Mynstur

búa til mynstur með hliðrun, speglun og snúningi
nota rökhugsun til að búa til mynstur með myndum og tölum

Lota 6. (maí).

Tölfræði

kannanir

flokkun svara og talning

súlurit

miðgildi og tíðasta gildi